

Fundargerð

Árið 2025, miðvikudaginn 12. mars kl. 8:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Friðjón Einarsson, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elvari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru: Aðalsteinn Þorsteinsson skrifstofustjóri, Jóhanna Sigurjónsdóttir og Björn Ingi Óskarsson.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Niðurstaða samráðs

Í samráðsferlinu voru haldnir fjölmargir kynningarfundir um efni frumvarpsins, bæði fyrir öll sveitarfélög, einstök sveitarfélög og sveitarfélög á tilteknum landshlutasvæðum. Ráðuneytið fékk alls 38 umsagnir, þar af 31 frá sveitarfélögum. Í umsögnum sveitarfélaga og annarra umsagnaraðila komu fram fjölmargar ábendingar og athugasemdir.

Vegna fjölda umsagna er ítarleg umfjöllun um framkomin sjónarmið tekin saman í sérstakri skýrslu um niðurstöðu samráðs um drög að frumvarpinu. Skýrslan verður birt í samráðsgátt stjórnvalda og er jafnframt hluti af fylgigögnum frumvarpsins.

Björn Ingi Óskarsson, lögfræðingur á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála, fór ítarlega yfir skýrsluna með framkomnum athugasemdum.

Nefndarmenn voru sammála um að breyta þurfi orðalagi varðandi aðkomu ráðgjafarnefndarinnar í frumvarpsvinnunni sjálfri. Nefndinni hafi verið falið að yfirfara framkomnar tillögur en ekki komið að beinni tillögugerð. Því sé kveðið of fast að orði þar sem

nefndarmenn hafa eingöngu fengið kynningar á breytingum en enga aðra aðkomu haft að vinnu frumvarpsins en að rýna breytingarnar að kynningum loknum.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 09:39.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir